

Dagsetning: 28. maí 2020

Efni: Fundur með Vegagerðinni

Höfundur: Ármann V. Sigurðsson

Málsnr. 1902006

Málefni: Samantekt eftir fund Fjallabyggðar með Vegagerðinni 28. maí 2020

Ármann Viðar Sigurðsson deildarstjóri tæknideildar og Elías Pétursson bæjarstjóri mættu á fund Vegagerðarinnar á Akureyri miðvikudaginn 28. maí 2020.

Á fundinum voru fyrir hönd Vegagerðarinnar Gunnar H. Guðmundsson, Margrét Silja Þorkelsdóttir, Haukur Jónsson og Heimir Gunnarsson.

Fundurinn er haldinn vegna málefna Vegagerðarinnar í Fjallabyggð:

- **Yfirlagnir á þjóðvegi í þéttbýli.**

Fjallabyggð ítrekar fyrri áskoranir um að klára yfirlögn á þjóðveginum í gegnum þéttbýlin. Vg mun yfirleggja á Hvanneyrarbraut frá gatnamótum við Túngötu og til norðurs út fyrir nyrstu blokkina ca. 400 metrar. Fjallabyggð bendir á að þeir ætli að fara í endurnýjun fráveitulagna í Hvanneyrarbraut framan við sundlaugina á Siglufirði og verður því að hafa samráð við Vg vegna þessa. Ármann og Haukur verða í sambandi. Fjallabyggð benti á að lyfta þurfi niðurföllum á Aðalgötu í Ólafsfirði, framan við Kjörbúðina. Vg mun láta lyfta umtöldum niðurföllum nú í sumar.

- **Götulýsing.**

Götulýsing á þjóðvegi í þéttbýli hefur verið mjög bágborin í vetur og kvörtunum hefur rignt inn til Fjallabyggðar. Vg ætlar að gera samkomulag við verktaka sem mun sjá um viðhald á götulýsingu við þjóveg í þéttbýli. Fjallabyggð ítrekar að umrætt samkomulag verði gert strax svo ekki komi upp sömu aðstæður og síðasta vetur.

- **Miðbæjarskipulag Siglufirði.**

Fjallabyggð hefur sett í gang hönnun og gerð útboðsgagna fyrir sinn hluta á framkvæmdinni. Vg er búin að frumhanna þær götur sem eru á forræði Vg en hönnun verður ekki kláruð fyrr en fjármögnun liggur fyrir. Bæjarstjóri telur að rétt sé að ljúka hönnun verksins þó verkefnið, sá hluti er að Vg snýr, sé ekki komið á samgönguáætlun. Hlutur Vg er gróflega áætlaður 60 milljónir.

Næstu skref eru að koma verkinu á samgönguáætlun og leggur Margrét til að bætt verði inn í verkið að vinna að öryggisaðgerðum á þjóðveg í þéttbýli samhliða, bæði á Siglufirði og Ólafsfirði, Unnið yrði þá út frá tillögum sem eru í umferðaröryggisáætlun Fjallabyggðar. Mikilvægt er að bæjarfulltrúar og aðrir vel tengdir aðilar ýti eftir því að þetta verði sett inn á samgönguáætlun.

Vg mun senda cad grunna til Ármanns sem kemur þeim áfram til hönnuða.

- **Saurbæjarás.**

Fjallabyggð ítrekar ósk sýna um að fá vindmæli á gangnamunnan í Skútudal. Vg ætlar að þrýsta á að þetta verði gert.

Á fundi 29.01.2019 var bókað að málið væri komið á skrið og yrði klárað um sumarið. Einhverra hluta vegna hefur það ekki gengið eftir. Vg ætlar að setja hann upp í sumar.

- **Grindarhlið við Hornbrekku.**

Dagsetning: 28. maí 2020

Efni: Fundur með Vegagerðinni

Höfundur: Ármann V. Sigurðsson

Málsnr. 1902006

Fjallabyggð ítrekar óskir um að grindarhlið við Hornbrekku verði fært til suðurs að afleggjara að Hlíð. Fjallabyggð mun svo sjá um að girða til og frá hliðinu. Vg mun setja þetta verkefni í gang strax.

- **Stokkur undir Hvanneyrarbraut.**

Fjallabyggð er að fara byggja við sundlaugina á Siglufirði og mun viðbyggingin liggja ofan á stokknum sem Hvanneyrará liggur í undir Hvanneyrarbraut og til sjávar. Stokkurinn er á ábyrgð Vg þar sem hann er undir þjóðveginum. Efni er farið að grafast undan honum þar sem engin botn er í honum. Ármann mun láta lagfæra/steypa í holu sem myndast hefur í stokknum og Vg mun greiða fyrir. Fjallabyggð óskar eftir að skoðað verði með að breyta legu stokksins. Vg mun yfirborðsmæla svæði þar sem ný lega stokksins er fyrirhuguð sunnan við íþróttahús.

- **Snjómokstur á þjóðvegi í þéttbýli.**

Íbúar við Hvanneyrarbraut hafa mikið kvartað yfir snjómokstri. Birgir bæjarverkstjóri Fjallabyggðar hefur í samráði við Bás, sem sér um mokstur Vg, breytt moksturs plani örlítið og virðist það koma betur út fyrir mokstur á Hvanneyrarbraut. Almenna reglan er að þegar snjóar þá er þjóðvegurinn mokaður og þegar snjókomann hættir þá hefur Vg látið hreinsa gangstéttar meðfram þjóðveginum (Hvanneyrarbraut og Túngötu). Oft dregst það í 1-2 daga að hægt sé að moka stéttarnar þar sem mikið snjóar. Heimir mun funda með Ármanni í haust og verður fyrirkomulag snjómoksturs Vg þá ákveðið, þ.e. hvernig honum er háttað með tilliti til hvaða tæki eru notuð og í hvaða forgang götur eru mokaðar.

- **Breytingar á hámarkshraða á þjóðvegi í þéttbýli.**

Fjallabyggð vinnur að breytingum á hámarkshraða í sveitarfélaginu. Vg bendir á að á þjóðvegum ákveður Vg hraðamörk að fengnu samþykki sveitarstjórnar. Vg leggur til að tillaga að hraðamörkum fyrir þjóðveg í þéttbýli komi frá Fjallabyggð. Vg sér um að breyta stillingu á blikkskiltum við innkomu í bæina vegna þeirra breytinga sem samþykktar verða.

- **Umferðaröryggi á þjóðvegi í þéttbýli.**

Endurskoða þarf umferðaröryggisáætlun. Ármann mun senda til Margrétar lista með þeim verkefnum sem eftir er að framkvæma skv. umferðaröryggisáætluninni á þjóðvegi í þéttbýli. Fjallabyggð áætlar að setja upp þrengingar á götum utan þjóðvegarins og óskar eftir að fá tillögur/lausnir sem Vg hefur verið að vinna með. Margrét ætlar að senda hugmyndir að þrengingum til Ármanns.

- **Heimreiðar.**

Svanfríður í Hlíð óskaði eftir að heimreiðin að Hlíð yrði lagfærð. Setja þarf ofaniburð í vegin. Vg mun setja ofaniburð í heimreiðar/héraðsvegi í Fjallabyggð nú í vor.

- **Jarðgöng í Fjallabyggð.**

Bæjarstjóri fór lítilega yfir hver væru möguleg næstu skref er varða jarðgöng frá Siglufirði yfir í Fljót. Öllum ljóst að göngin eru ekki á samgönguáætlun en mikið atriði að vinna þeim farveg inn á áætlun.



Fjallabyggð

Minnisblað

Dagsetning: 28. maí 2020
Efni: Fundur með Vegagerðinni
Höfundur: Ármann V. Sigurðsson

Málsnr. 1902006

Ármann Viðar Sigurðsson
Deildarstjóri tæknideildar

Elías Pétursson
Bæjarstjóri